

- 2.3. Eindagi gjaldanna er 15 dögum eftir gjalddagann. Falli gjöldin í eindaga, ber notanda að greiða dráttarvexti af gjaldskuldinni frá gjalddaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987. Gjöldum samkvæmt gjaldskrá þessari fylgir lögtaksréttur sbr. 9. gr. fjarskiptalaga nr. 73/1984 og 1. grein 3. töluliðar lögtakslaga nr. 29/1885.
- 2.4. Frá 15. næsta mánaðar eftir gjalddagann, er heimilt að beita útilokun símasambanda gagnvart þeim notendum, sem skulda vangreidd gjöld, krónur 1 000,00 eða meira, þar til þeir hafa greitt skuld sína að fullu. Innheimt verður gjald, krónur 170,00, fyrir enduropnun símasambands.
- 2.5. Ef ætla má vegna framkominna atvika að notandi geti ekki greitt gjaldskuldir sínar á gjalddaga þeirra, er heimilt að beita útilokun símasambanda fyrirvaralaust, nema notandi setji fullnægjandi tryggingu fyrir gjaldskuldinni og væntanlegri notkun á yfirstandandi afnotatímabili.

3. Leigutími.

Þegar um er að ræða samband fyrir utan kaupstaðarlóð eða samband með sérstöku fyrirkomulagi, getur Póst- og símamálastofnunin krafist, að leigutíminn sé minnst eitt ár eða fleiri.

4. Uppsögn.

Segja má símasambandi upp um mánaðamót með minnst eins mánaðar fyrirvara, nema þar sem sérákvæði gilda, og skal uppsögn vera skrifleg.

5. Flutningar.

Ef talsímanotandi óskar eftir flutningi skal hann tilkynna það skriflega til hlutaðeigandi símsstöðvar og skal þá flutningur framkvæmdur svo fljótt sem unnt er, en notandi greiðir hið ákveðna gjald.

XVIII. KAFLI

Gjaldskrá þessi og reglur eru settar samkvæmt 9. gr. laga nr. 73 frá 1984 um fjarskipti svo og samkvæmt 11. gr. laga nr. 36 frá 1977 um stjórn og starfrækslu póst- og símamála með áorðnum breytingum samkvæmt 8. gr. laga nr. 34 frá 1987 og gengur í gildi 1. september 1993. Reiknast nýju gjöldin fyrir teljaraskref aðeins af símtölum, sem fram fara 1. september 1993 eða síðar. Jafnframt falla þá úr gildi gjaldskrár og reglur nr. 13 27. janúar 1992.

Samgönguráðuneytið, 20. ágúst 1993.

Halldór Blöndal.

Halldór S. Kristjánsson.

AUGLÝSING

**um nafn á sveitarfélagi því sem til verður við sameiningu
Landmannahrepps og Holtahrepps í Rangárvallasýslu.**

Nafn hins nýja sveitarfélags (hrepps) skal vera Holta- og Landsveit.

Félagsmálaráðuneytið, 20. ágúst 1993.

Jóhanna Sigurðardóttir.

Húnbogi Þorsteinsson.